

Mál nr. 181/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Fjölskyldutryggingar

Skíðabúnaði stolið af bifreið þ. 30.3.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.5.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-2
2. Bréf V dags. 3.6.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-2

Málsatvik.

M var á Ísafirði og kom að bílnum sínum skemmdum og skíðbogafestingar höfðu verið brotnar upp og skíðabúnaður tekinn. Skíðabúnaðurinn hafði verið læstur með lyklalæsing. M tilkynnti strax um tilvikið til lögreglu. M krefst bóta vegna þjófnaðar á skíðabúnaði og telur að tryggilega hafi verið gengið frá skíðabúnaðinum í umrætt sinn og ekki skipti máli varðandi bótaskyldu hvort skíðabúnaðurinn sé læstur í skíðbogafestingu á þaki bifreiðar eða sé í aftursæti læstrar bifreiðar. V hafnar bótaskyldu og vísar til 1. gr. vátryggingaskilmála þar sem innbrot m.a. í læstar bifreiðar og hjólhýsi er bótaskyld en telur að tilvik eins og það sem hér ræðir um falli utan bótaskviðs viðkomandi tryggingar.

Álit.

Í vátryggingaskilmálum þeim sem um ræðir er bótaskylda fyrir hendi þegar brotist er inn í læstar bifreiðar og munum stolið. Í vátryggingaskilmálum kemur ekki fram að innbrotið þurfi að vera inn um glugga eða hurðir bifreiðarinnar. Innbrot í læsta hirslu bifreiðar eins og um var að ræða í umrætt sinn er ekki undanskilið bótaskyldu samkvæmt þeim vátryggingaskilmálum sem hér um ræðir og því bótaskyld.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 18.6.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.